



HAFNARFJÖRÐUR

Reglur er varða niðurgreiðslu á þáttökugjald*aldriöldum* vegna íþrótt- og tómstundaiðkunar íbúa á aldrinum 67 ára og eldri.

Hafnarfjarðarbær niðurgreiðir íþrótt- og tómstundaiðkun íbúa sem verða á aldrinum 67 ára á árinu og þaðan af eldri.

Frá 1. janúar 2018 er niðurgreiðslan vegna iðkenda sem fæddir eru á árinu 1951 eða fyrr.

Markmiðið með niðurgreiðslunum er að gera eldri íbúum í Hafnarfirði kleift að taka þátt í íþrótt- og tómstundastarfi óháð efnahag og að efla almennt heilbrigði og hreysti þessa aldurshóps.

Niðurgreiðsla er kr. 4000.- fyrir hvern iðkenda á mánuði eða allt að kr. 48.000 í heildargreiðslu á árinu.

Iðkendur verða að eiga lögheimili í bæjarfélaginu en sækja skal um niðurgreiðsluna í þjónustuveri Hafnarfjarðarbæjar sem staðsett er að Strandgötu 6. Til að fá niðurgreiðsluna þarf að framvísa frumriti af greiðslukvittun þáttökugjalds fyrir viðkomandi iðkenda.

Niðurgreiðslan er greidd inn á reikning iðkandans innan tveggja mánaða frá samþykkt. Greiðslukvittanir þarf að berast eigi síðar en tveimur mánuðum eftir hverja önn. Mikilvægt er að greiðslukvittanir berist tímanlega fyrir hverja önn. Með önn er átt við vorönn (1. janúar – 31. maí), sumarönn (1. júní – 31. ágúst) og haustönn (frá 1. sept. – 31. des.). Aðeins er greitt fyrir eina önn aftur í tímann. Berist greiðslukvittun ekki innan þessa tíma fellur greiðslan niður. Árgjald/félagsgjald er þó borgað í einu lagi gegn framvísun greiðslukvittunar. sem þarf að berast fyrir árslok þess árs sem gjaldið nær yfir. Berist greiðslukvittun ekki innan þess tíma fellur greiðslan niður.

Til þess að fá styrk vegna niðurgreiðslu þáttökugjalda þarf;

- Iðkandi að eiga lögheimili í Hafnarfirði
- Verða 67 ára á árinu eða eldri.
- Stunda íþrótt/tómstunda starf sem stuðli að betri heilsu og hreysti
- Geta framvísað frumriti af greiðslukvittunum þáttökugjalds iðkanda á tilskildum tíma.-

Formatted: Font: Bold

Formatted: Normal, Space After: 10 pt

